

Fundur Foreldraráðs Heilsuleikskólans Suðurvalla 10.11.2021

Annar fundur foreldraráðs Heilsuleikskólans Suðurvalla er haldinn á Suðurvöllum, viðstaddir eru:

Lauma Gulbe, Magnea Frandsen, Rebekka Riviere og Agnieszka Ziolkowska í foreldraráði, Bjarki Þ. Wíum, Tinna Huld Karlsdóttir, Petra Ruth Rúnarsdóttir, Andri Rúnar Sigurðsson, Dominik Rekowski, María Hermannsdóttir og Birkir Smári. Á zoom fjarfundi eru: Katrín, Jóhannes, Bríet Sunna, Eðvarð, Karen, Hulda og Sindri.

1. Mál á dagskrá: Lauma kynnir niðurstöður könnunar á áhrifum breytts opnunartíma leikskólans á fjölskyldur sem foreldraráð sendi út fyrir nokkru. Send á 92 foreldra, 41% svöruðu könnuninni. Sjá niðurstöður í meðfylgjandi power point skjali.
2. Umræður
Einn nefndarmeðlimur er hættur í foreldraráði svo nú eru fjórir.
Rætt var um breyttan opunar- og dvalartíma og kom meðal annars fram:
 - Eru breytingarnar í raun að skapa barnvænt samfélag eins og þeim er ætlað?
 - Það er ekki velferð fólgin í því að ýmsir aðilar sækji börnin ef vinnutími foreldra er ekki sveigjanlegur. Betra er að hafa börnin í vernduðu umhverfi á leikskólanum aðeins lengur en að td unglingar séu að sækja og meira rót sé á deginum.
 - Styttur opnunartími leikskóla hvetur vinnumarkaðinn til að stytta vinnudaginn og stuðla þannig að barnvænna samfélagi.
 - Það ætti fyrst að stytta vinnutíma og svo opnunartíma leikskólanna.
 - Leikskólastjóri fagnar og styður 8,5 klst hámarks dvalartíma og styttingu á opnunartíma, fyrst og fremst með velferð barnanna í huga. Stytting opnunartíma hefur auk þess mikil hagræðingaráhrif varðandi skipulag á leikskólanum og sparar launakostnað á formi yfirvinnu, segir María leikskólastjóri.
 - Forsendubrestur fyrir þá sem fluttu í Vogana með opnunartíma leikskólans í huga og þurfa jafnvel að íhuga annað sveitarfélag til búsetu.
 - Börnin eru orðin þreytt og verða fyrir miklu áreiti þegar vinudagurinn þeirra er svona langur.
 - Foreldrar hafa börnin ekki lengi í leikskólanum að gamni sínu heldur verður lega sveitarfélagsins og lengd vinnudagsins þess valdandi að margir neyðast til að velja langan dvalartíma. Það er viss forræðishyggja að þrýsta á meiri samveru foreldra og barna með þessum hætti, þeir sem geta og vilja hafa börnin skemur í leikskóla geta gert það óháð hinum sem þurfa lengri dvöl.
 - Það þarf að taka tillit til þeirra sem eru í slæmri stöðu, t.d. hafa ekkert bakland eða búa við óöryggi á vinnumarkaði.
 - Foreldrar voru ekkert hafðir í ráðum við afgreiðslu málsins hjá bænum.
 - Fundarmeðlimir sammælast um að mótmæla skuli 8,5 tíma takmörkun á dvalartíma barna á meðan leikskólinn er opinn í 9 klst, og gagnrýna ákvörðun fræðslunefndar að fara umfram ráðleggingar leikskólaátjóra.
3. Foreldrum er bent á email foreldraráðs foreldraradsudurvalla@gmail.com ef það eru málefni sem fólk vill koma á framfæri.

Fundargerð ritar Magnea G. Frandsen.